

gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem gildir til og með 1. mars 1983 en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 8. mars 1983.

4. gr.

Vegna breytinga þeirra sem um ræðir í 2. gr. reglugerðar þessarar skulu framteljendur skila tveimur skýrslum um sérstakt vörugjald vegna tímabilsins 1. janúar til og með 31. mars 1983, annarri fyrir sölu vörugjaldsskyldrar innlendirar framleiðslu á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1983 en hinni fyrir marsmánuð 1983.

Skattfyrirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af vörugjaldsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum gildir frá og með 1. mars 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald, sbr. reglugerð nr. 234 30. apríl 1981, nr. 244 8. maí 1981 og nr. 468 23. ágúst 1982 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar verði tvær málsgreinar er orðist svo:

Sé almenn verðlagning framleiðenda miðuð við heildsöluverð er honum heimilt í stað útreiknings vörugjaldsins skv. 1. mgr. að reikna vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 80% heildsöluverðsins. Svarar það til 5,6% og 13,6% af heildsöluverðinu án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- og sölulaunum, afslætti vegna dreifingar eða öðrum gjöldum.

Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til sérstaks tímabundins vörugjalds og söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 með síðari breytingum og gildir frá og með 1. mars 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.